

Hverfisráð Raufarhafnar haldin 16.3.2023 kl 11:00

Mættir voru Ingibjörg Hanna Sigurðardóttir, Bergdís Jóhannsdóttir, Elva Björk Óskarsdóttir að auki sat Nanna Höskuldsdóttir fundin og ritaði fundargerð.

1. Íbúafundur/ íbúasamtal. 15. mars kl 17:00 Hverfisráð hefur unnið að undirbúning ásamt starfsmanni síðustu vikur. Fundurinn var vel sóttur og mættu 47 manns.

Notast var við slido forritið á fundinum sem reynist vel.

Í lok fundar var liðurinn önnur mál og ljóst er að málefni sem tengjast framkvæmdum og endurbótum fasteigna sem og skólamál eru íbúum ofarlega í huga eins og oft áður. Ekki gafst tækifæri til að fá svör við öllum spurningum á fundinum vegna tímaskorts, hverfisráð hvetur kjörna fulltrúa til svara íbúum á einhvern þann hátt, sem þeir telja bestan. Hverfisráð hvetur samhliða þá lista sem eiga kjörna fulltrúa í sveitastjórn, nefndum og ráðum til að koma hið minnsta einu sinni á ári á eignvegum og halda opna fundi til að ná samtali við íbúa beint.

2. Framtíð Raufarhafnar. Nauðsynlegt er að íbúum fjölgi og að innviðir sveitarfélagsins séu þannig í stakk búnir að það geti orðið að veruleika. Í stefnu sveitarfélaginu um þjónustustig sem á að vinna á árinu þarf að huga vel að þessum þáttum. Þar vega þungt húsnæðismál, skólamál, atvinnumál, skipulagsmál og fl. Núverandi íbúar sem og framtíðaríbúar verða að hafa festu og skýra framtíðarsýn Norðurþings til lengri tíma í þessum málaflokkum sem örðum.

Hverfisráð hvetur til þess að aðilar utan Húsavíkur fái sterka rödd inni vinnu um stefnu á þjónustustigi sveitarfélagsins, og hvetur til þess að sú vinna fari í gang sem fyrst.

3. Tjaldstæðismál á Raufarhöfn. Fjölskylduráð Norðurþings hefur haft tjaldstæðis mál í sveitarfélaginu til umræðu af og til í vetur. Í nýlegri bókun Skipulags og framkvæmdaráðs er bókað að starfsmanni sé gert að standsetja tjaldstæðin. Hverfisráð óskar eftir upplýsingum í hvað felst í því að standsetja tjaldstæðið á Raufarhöfn? Samhliða harmar hverfisráð að ekki hafi verið haft samráð eða samtal vegna þessa máls þar sem hverfisráð hefur margbókað vegna tjaldstæðismála undanfarin ár og hefur t.d komið með tillögu að ódýrri lausn vegna salernismála.

4. Skemmtiferðarskip. Skipaferðir til Íslands hafa margfaldast á undanförunum árum, er Norðurþing að markaðssetja höfnina á Raufarhöfn sem áfangastað á sama hátt og höfnin á Húsavík er markaðssett? Ef ekki hvetur hverfisráð til slíks enda er Raufarhöfn áfangastaður sem vert er að heimsækja.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 12:30

Undirritunarsíða

Fundargerð Hverfisráðs
Ingibjörg Hanna Sigurðardóttir

Fundargerð Hverfisráðs
Elva Björk Óskarsdóttir

Fundargerð Hverfisráðs
Bergdís Lína Jóhannsdóttir